

## ICELANDAIR GROUP HF. – AÐALFUNDUR 7. MARS 2024

Rafrænn fundur - Bein útsending frá Berjaya Iceland Hotels Reykjavík Natura - kl. 16:00

Stjórn Icelandair Group hefur ákveðið að aðalfundur félagsins þann 7. mars 2024 verði haldinn rafrænt, sbr. grein 4.6 í samþykktum félagsins. Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn skulu tilkynna þáttöku sína með þriggja daga fyrirvara og leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða gögn sem lögð verða fram á fundinum og þeir óska svara við, sbr. grein 4.4 í samþykktum félagsins. Skráning á fundinum fer fram í gegnum [www.icelandairgroup.com/agm](http://www.icelandairgroup.com/agm). Skrádir þáttakendur munu fá sendar upplýsingar í tölvupósti fyrir fundinn um hvernig þeir geta tekið þátt og greitt atkvæði ásamt tengli á beina útsendingu fundarins. Fundinum verður streymt beint frá Reykjavík Natura hótelinu en opið verður fyrir mætingu á staðinn. Atkvæðagreiðsla og umræður verða þó einungis rafrænar. Fundurinn verður haldinn á íslensku en bein þýðing á ensku verður í boði bæði í beinni útsendingu í streyminu og á fundarstað.

### DAGSKRÁ

---

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
- 2) Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
- 3) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
- 4) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu
- 5) Skýrsla og tillögur tilnefninganefndar um skipan stjórnar
- 6) Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 7) Kosning stjórnar félagsins
- 8) Tilnefning til endurskoðunarnefndar
- 9) Kosning endurskoðanda
- 10) Kaupréttarkerfi
- 11) Breyting á samþykktum félagsins
- 12) Heimild til kaupa á eigin bréfum
- 13) Önnur mál löglega fram borin

### TILLÖGUR

---

#### a) Ársreikningur (liður 2)

Stjórnin leggur til við aðalfundinn að ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 verði samþykktur.

#### b) Arðgreiðslur (liður 2)

Stjórnin leggur til við aðalfundinn að enginn arður verði greiddur fyrir fjárhagsárið 2023.

#### c) Þóknun til stjórnarmanna (liður 3)

Stjórnin leggur til við aðalfund að þóknun til stjórnarmanna og fulltrúa í undirnefndum verði óbreytt: Hver stjórnarmaður fái 380.000 kr. á mánuði, formaður 760.000 kr. á mánuði, varafomaður 570.000 kr. á mánuði, meðlimir í undirnefndum 120.000 kr. á mánuði, formaður endurskoðunarnefndar 275.000 kr. á mánuði og formenn annarra undirnefnda 150.000 kr. á mánuði. Stjórnin ákveður þóknun fyrir meðlimi tilnefningarnefndar. Þóknun verður greidd samkvæmt tímagaldi.

*d) Starfskjarastefna (liður 4)*

Stjórnin leggur til við aðalfundinn að starfskjarastefna félagsins verði samþykkt óbreytt.

Starfskjarastefnan er hluti af fundargönum.

*e) Tilnefningarnefnd (liður 5)*

Tilnefningarnefnd Icelandair Group leggur til að eftifarandi einstaklingar, sem taldir eru upp í stafrófsröð, verði kjörnir í stjórn félagsins:

1. Guðmundur Hafsteinsson
2. John F. Thomas
3. Matthew Evans
4. Nina Jonsson
5. Svafa Grönfeldt

*f) Tilnefning til endurskoðunarnefndar*

Stjórn félagsins leggur til að Alexander Edvardsson verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins sem utanaðkomandi aðili.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli 2. mgr. 108 gr. a. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

*g) Endurskoðendur (liður 9)*

Stjórnin leggur til við aðalfundinn að KPMG ehf. verði endurskoðendur félagsins.

*h) Kaupréttarkerfi (liður 10)*

Stjórnin leggur til við aðalfundinn að samþykkt verði endurnýjað langtíma hvatakerfi.

Lagt er til að félagið muni endurnýja og efla það langtíma hvatakerfi sem upphaflega var samþykkt árið 2022. Markmiðið með frammistöðutengdu hvatakerfi er að styrkja félagið í gegnum hvatningu til að sýna framúrskarandi frammistöðu í starfi, setja skýr viðmið um vænta frammistöðu og draga verulega úr líkum á að slíkir starfsmenn yfirgefi félagið með skömmum fyrirvara. Auk þess er kerfið til þess fallið að laða að viðhalda öflugu starfsfólki hvaðanæva úr heiminum og þannig styrkja samkeppnishæfni félagsins. Þannig er kerfið til þess fallið að styrkja hagsmuni félagsins til skemmri og lengri tíma með því að viðhalda framúrskarandi starfsfólki í lykilstöðum. Slíkt langtíma hvatakerfi myndi einnig gagnast hluthöfum þar sem það samræmir hagsmuni hluthafa og lykilstarfsmanna sem myndu ekki aðeins fá þóknun í formi grunnlauna heldur einnig þóknun sem byggir á frammistöðu þeirra og velgengni félagsins. Hvatakerfið samanstendur bæði af skammtíma- og langtímapáttum og er stutt öflugu frammistöðumati, sem var efti árið 2022. Áætlaður kostnaður við hvatakerfið er 2,2 milljónir bandaríkjadal, byggt á Black-Scholes reiknilíkanu miðað við núverandi gengi og vaxtakjör. Hins vegar myndi kerfið ekki krefjast beinna útgjalda félagsins þar sem ný hlutabréf yrðu gefin út til að uppfylla skuldbindingar félagsins í tengslum við kerfið, í stað kaupa á eigin bréfum.

Helstu skilmálar og skilyrði kaupréttarkerfisins eru eftifarandi:

- **Tegund:** Kaupréttir.
- **Páttakendur:** Framkvæmdastjórn og lykilstjórnendur

- Heildarfjöldi kaupréttar:** Heildarfjöldi kaupréttar sem heimilt er að úthluta á grundvelli kaupréttarkerfisins nemur 900 milljónum á þriggja ára tímabili frá og með því að kaupréttarkerfið er samþykkt á aðalfundi félagsins árið 2024.
- Ávinnslutími:** Þrjú ár frá úthlutunardegi.
- Nýtingartímabil:** Eitt ár eftir þriggja ára ávinnslutímabil. Nýtingartímabil eru tvö á ári og hefjast í apríl og október í 15 daga eftir birtingu viðkomandi Q1 og Q3 uppgjöra.
- Kaupréttargengi:** Kaupverð hlutanna við nýtingu verður byggt á dagslokagengi hlutabréfa Icelandair Group á úthlutunardegi auk vaxta sem skulu vera jafnir stýrivöxtum Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma. Þrátt fyrir framangreint skal þó aldrei miða við lægri vexti en 4%. Gengi kaupréttar skal aðlagað fyrir framtíðarárögreiðslum sem ákveðnar eru eftir úthlutunardag.

**Aðrir lykilskilmálar og skilyrði:**

- Starfskjaranefnd ákveður úthlutun kaupréttar til starfsmanna á grundvelli frammistöðumats.
- Áunninn kaupréttur sem ekki er nýttur innan nýtingartímabils fellur niður.
- Þátttakendur eru skuldbundnir til að halda hlutum, sem svara til hreins hagnaðar af kaupréttum (eftir skatta) samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins og starfskjaranefndar.
- Kaupréttir eru einungis gildir ef starfsmaður er enn í starfi hjá Icelandair Group eða dótturfélögum þess á nýtingardegi. Starfskjaranefnd getur vikið frá þessu skilyrði undir ákveðnum kringumstæðum.
- Ef breyting á yfirráðum verður í samræmi við 100. grein laga nr. 108/2007, skulu allir útstandandi kaupréttir verða virkir og hægt verður að nýta kauprétti.
- Félagið mun ekki veita nein lán eða ábyrgðir í tengslum við útgáfu kaupréttar.
- Réttindi og skyldur samkvæmt kaupréttaráætluninni er ekki heimilt að framselja til þriðja aðila.
- Félagið heimild til að endurheimta, að hluta eða í heild, hagnað sem byggir á röngum, villandi, ófullnægjandi eða röngum gögnum, eða ef handhafa kaupréttar hefur viðhaft háttsemi í slæmri trú, sem leiddi til of hárra launa eða launa sem ella hefðu ekki verið greidd.
- Félagið mun gefa út nýja hluti til að efna kaupréttarsamninga eftir hvert nýtingartímabil sem samsvara heildarfjölda þeirra kaupréttar sem voru nýttir. Aðalfundur félagsins árið 2024 samþykkir þar með að stjórn félagsins hafi heimild til þess að auka hlutafé félagsins í samræmi við skilmála kaupréttarkerfisins.

*i) Breytingar á samþykktum félagsins (liður 10)*

a. Stjórnin leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins. Lagt er til að bæta við grein 15.2, háð samþykki liðar 9.

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að 900 milljónir hluta að nafnvirði. Heimild þessi skal einungis nýtt í því skyni að framfylgja skilmálum samninga á grundvelli kaupréttarkerfis sem var samþykkt á aðalfundi félagsins hinn 7. mars 2024. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt að hlutum sem eru gefnir út á grundvelli þessa ákvæðis. Gengi hluta og úthlutun skal vera í samræmi við hið samþykkt kaupréttarkerfi og þeim samningum sem gerðir eru á grundvelli þess. Heimild þessi gildir til 31. desember 2030.“

b. Í samræmi við 85. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 er lagt til að eftifarandi ákvæði verði bætt við sem ný málsgrein í grein 2.9 í samþykktum félagsins:

„Eignarhald, framsal eða sala á hlutum í félagini sem leiðir eða gæti leitt til þess að aðilar aðrir en íslenska ríkið, íslenskir ríkisborgarar og/eða aðilar innan Evrópska efnahagssvæðisins eigi eða komi til með að eiga 49% eða meira af hlutum í félagini, eða fari með raunverulega stjórn félagsins, beint eða óbeint, í gegnum einn eða fleiri aðila, er óheimilt samkvæmt 85. gr. loftferðalaga nr. 80/2022. Félagið getur krafist þess að hluthafar sem eignast hluti í andstöðu við þetta ákvæði selji hluti sína. Ef hluthafar verða ekki við kröfu þar að lútandi er félagini heimilt að innleysa hluti viðkomandi hluthafa eða lögaðila. Heimilt er að skerða atkvæðisrétt hluta í eigu aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins ef slíkir aðilar eiga meira en 49% af atkvæðisrétti í félagini.“

c. Stjórn félagsins leggur til að eftifarandi texta verði bætt við 1. mgr. greinar 4.29 í samþykktum félagsins:

„sem má ekki jafnframt vera stjórnarmaður í félagini.“

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er girt fyrir að sitjandi stjórnarmaður geti jafnframt setið í tilnefningarnefnd félagsins. Hins vegar mun einn fulltrúi í tilnefningarnefnd áfram verða tilnefndur af stjórn félagsins.

*j) Heimild til kaupa á eigin bréfum (liður 11)*

Stjórn Icelandair Group leggur til við aðalfund félagsins að félagini verði heimilað að kaupa allt að 10% af eigin hlutum á næstu 18 mánuði í samræmi við 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög til að setja á fót formlega endurkaupaáætlun í samræmi við ákvæði 5. greinar MAR (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014), sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 60/2021, ásamt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052 um tæknilegar reglur um skilyrði sem gilda um endurkaupaáætlani.

Allir núverandi stjórnarmenn hafa staðfest að þeir hyggist sækjast eftir endurnýjuðu umboði frá hluthöfum á fundinum. Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnar eða tilnefningarnefndar skulu tilkynna stjórn um framboð að minnsta kosti 7 daga fyrir fundinn. Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu skal berast stjórn með að minnsta kosti 5 daga fyrir fundinn.

Hluthafar hafa rétt til að leggja fram liði á dagskrá aðalfundarins og leggja fram tillögur að ályktunum, að því gefnu að beiðni þar að lútandi hafi borist félagini eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn í gegnum tölvupóst á [compliance@icelandairgroup.is](mailto:compliance@icelandairgroup.is).

Nánari upplýsingar:

Ari Guðjónsson, yfirlögfræðingur

Netfang: [ari@icelandairgroup.is](mailto:ari@icelandairgroup.is), sími: +354 661-2188